



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Jakob E. Líndal arkitekt
Alark arkitektar Dalvegi 18, 201 Kópavogi
jakob@alark.is

Reykjavík, 1. júlí 2025
Tilvísun: 6818/ 6.06 / 202502-0182

Suðurgötu 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Eiríksgata 19, breyting á kjallara, fyrirspurn

Í tölvupósti 11. júní 2025 óskar Jakob E. Líndal arkitekt eftir endurskoðuðu álit Minjastofnunar Íslands á því hvort að stofnunin geti fallist á breytta afstöðu Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur (SkR) til þegar gerðra breytinga á gluggavegg kjallara Eiríksgötu 19, á þeirri hlið sem snýr að götu. Með erindinu fylgdi umsögn SkR frá 27. maí þar sem tekið er jákvætt í að grenndarkynna uppfærða byggingarleyfisuppdrætti með fyrirvara um jákvætt álit Minjastofnunar. Á uppfærðum uppdráttum sem fylgdu erindinu hefur aðkoma að kjallaraífbúðum verið færð aftur fyrir hús, uppdeiling síkkaðra kjallaraglugga á götuhlið er látin fylgja upphaflegri skiptingu, og stoðveggur ljósgryfju hefur verið hækkaður til að draga úr sjónrænum áhrifum síkkaðra kjallaraglugga. Auk þess er lagt til að steypur garðveggur við lóðamörk að Eiríksgötu verði endurgerður.

Húsið Eiríksgata 19 var reist árið 1934 eftir uppdráttum Björns Rögnvalds-sonar. Eigendum húsa sem byggð voru 1940 eða fyrr sem hyggiast breyta þeim, flytja þau eða rífa er skylt að leita álits Minjastofnunar Íslands, sbr. 1. mgr. 30. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Álit Minjastofnunar Íslands á breytingum á umsagnarskyldum húsum (byggð 1924-1940) er ráðgefandi fyrir yfirvöld sveitarfélags en ekki stjórnvaldsákvörðun. Þetta á m.a. við um breytingar sem snerta ytra útlit húss, svo sem breytingar á gluggaskipan. Eiríksgata 19 er innan marka svæðis sem nýtur hverfisverndar samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur. Hverfisvernd er sett á grundvelli heimildar á skipulagslögum og er því ekki á lögbundnu verksviði Minjastofnunar, enda þótt stofnunin styðji allt frumkvæði sveitarfélaga á sviði húsverndar.

Þær mótvægisáðgerðir sem sýndar eru á uppfærðum uppdráttum Alark og sem SkR byggir breytta afstöðu sína á eru til þess fallnar að draga nokkuð úr sjónrænum áhrifum breytinga á götuhlið Eiríksgötu 19 sem framkvæmdar voru án tilskilinna leyfa byggingaryfirvalda og án þess að álits Minjastofnunar væri aflað. Að mati Minjastofnunar er síkkun kjallaraglugga með ljósgryfju framan við eftir sem áður afar óheppileg útlitsbreyting sem byggingaryfirvöld ættu almennt ekki að heimila, allra síst í þeim bæjarhlutum þar sem hús og götumyndir njóta hverfisverndar. Breytingin rýrir ekki aðeins varðveislugildi hússins heldur einnig götumynd Eiríksgötu sem er hluti af metnaðarfullum skipulagshugmyndum þriðja áratugar síðustu aldar. Minjastofnun telur hættu á að með breyttri afstöðu SkR til afgreiðslu á máli Eiríksgötu 19 skapist óheppilegt fordæmi fyrir sambærilegum breytingum í öðrum húsum á svæðum sem njóta hverfisverndar. Í því samhengi minnir Minjastofnun á að ástæða er til að skýra

betur hvað felist í hverfisvernd hvernar heildar, götummyndar eða svæðis. Það geta verið ólík atriði sem sérstaklega er ástæða til að standa vörð um, eftir eðli og gerð byggðarinnar.

Í umsögnum um leyfisskyldar framkvæmdir í eldri hverfum sem hafa jarðrask í för með sér setur Minjastofnun skilyrði um að hugað sé sérstaklega að fornleifum í jörðu. Ekki liggur fyrir fornleifaskráning fyrir lóðina sem staðsett er á svæði, afmörkuðu af Hringbraut og Snorrabraut, sem reynslan hefur sýnt að er einstaklega viðkvæmt með tilliti til minja. Samkvæmt upplýsingum frá Borgarsögusafni Reykjavíkur eru ekki heimildir um minjar á lóðinni, en rétt er að minna á 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangsskönnun umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

f.h. Minjastofnunar Íslands


Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágrennis


Pétur H. Ármannsson
sviðsstjóri húsverndarsviðs

Afrit í tölvupósti :

Borgarsögusafn Reykjavíkur (minjavarsla@reykjavik.is)

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur (skipulag@reykjavik.is)

Byggingarfulltrúinn í Reykjavík (upplýsingar@reykjavik.is)

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnarsýslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Aðrar stjórnvaldsákvarðanir teknar á grundvelli laga nr. 80/2012 eru kærarlegar til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis. Kærufrestur er þrír mánuðir frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun og fer málsmeðferð eftir ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.